

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988 - 2008, Löngulág.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988 - 2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin felst í stækkun á reit umhverfis vatnstankinn í Löngulág þannig að opið svæði til sérstakra nota verður skilgreint sem svæði opinberra stofnana/félagsheimili/verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.